

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 20/2006**

**frá 10. mars 2006**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2006 frá 27. janúar 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB frá 25. júlí 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 72/245/EBE að því er varðar rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum og tilskipun ráðsins 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra í því skyni að laga þær að tækniframförum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

I. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) og 11. lið (tilskipun ráðsins 72/245/EBE):  
„– **32005 L 0049**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB frá 25. júlí 2005 (Stjtið. ESB L 194, 26.7.2005, bls. 12).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zg (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/30/EB):  
„45zh. **32005 L 0049**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/49/EB frá 25. júlí 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 72/245/EBE að því er varðar rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum og tilskipun ráðsins 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra í því skyni að laga þær að tækniframförum (Stjtið. ESB L 194, 26.7.2005, bls. 12).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/49/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 194, 26.7.2005, bls. 12.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.